



Umboðsmaður barna
Salvör Nordal
Hverfisgötu 4
101 Reykjavík

Dagsetning 9.7.2026
Málsnúmer FRN26010121

Svar við fyrirspurn í tengslum við þjónustu við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Vísað er til erindis umboðsmanns barna til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 12. mars 2026, varðandi þjónustu við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Til viðbótar við svar ráðuneytisins til umboðsmanns, dags. 2. mars 2026, um sama efni, þykir ráðuneytinu rétt að taka fram að í þeim þjónustusamningum sem um ræðir var ekki samið sérstaklega um að börnum sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd skyldi á grundvelli samninganna standa til boða að sækja leikskóla, frístundaheimili eða tómstundir. Var því ekki talin þörf á að meta sérstaklega áhrif af uppsögn umræddra samninga á hagsmuni barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd hvað þetta varðar.

Til að koma í veg fyrir mismunun þegar kemur að þjónustu við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd verða þeir aðilar sem þjónustuna veita að hafa það í huga að umræddum börnum standi í sama mæli og öðrum börnum til boða sú þjónusta sem um ræðir hverju sinni. Er slíkt jafnræði meðal annars í samræmi við almenna jafnræðisreglu stjórnáðalagsa sem og í samræmi við það sem fram kemur í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Ráðuneytið mun hér eftir sem hingað til, í samvinnu við Vinnumálastofnun, leitast við að veita börnum sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd þá bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni innan þeirra heimilda sem ráðuneytið og stofnunin hafa sem og í samræmi við íslensk lög og alþjóðlegar skuldbindingar.

Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindi þessu.

Fyrir hönd ráðherra,


Bjarnheiður Gautadóttir


Jón Þór Þorvaldsson